



MSS24030028

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar

Ábyrgðarmenn: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Á fundi velferðarráðs þann 19. júní 2024 var lögð fram breytingatillaga við tillögu Flokks fólksins frá fundi borgarstjórnar 5. mars 2024. Velferðarráð samþykkti að stofna stýrihóp sem fengi m.a. þau verkefni að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu til að meta hvort framsetning listans og skráning erinda/tilvísana sé með þeim hætti að hann gefi raunsanna mynd af stöðu mála.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leita leiða til að stytta biðtíma barna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Hvað hafa mörg börn á biðlistanum fengið aðlagða þjónustu eða hluta af þjónustu í skóla- og frístundastarfinu eða frá miðstöð.
- Hvaða þjónustu var óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni.
- Hvaða breytingar þarf að gera á fyrirkomulagi sálfræðipjónustu miðstöðva til að gera hana skilvirkari.
- Meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari og hvernig hægt er að gera fagvinnuna heildstæðari.
- Hvernig fagfólk geti unnið í teyrum til að frumgreining geti tekið á öllum þáttum í einni lotu.
- Annað sem hópurinn telur mikilvægt að ávarpa.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, formaður.

Þorvaldur Daníelsson, fulltrúi Framsóknarflokksins.

Ellen Calmon, fulltrúi Samfylkingarinnar.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Hákon Sigursteinsson, verkefnastjóri farsældar barna.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn skal eftir þörfum leita ráðgjafar sérfræðinga Betri borgar fyrir börn á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem og annarra innan velferðar- og skóla og



Reykjavík



frístundasviðs. Einnig skal hópurinn leita ráðgjafar hjá aðilum utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum eigi síðar en um miðjan nóvember 2024.

Reykjavík, 2. september 2024

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri

DRÖG

